

Fundargerð ForMA 13. september.

Mættir: Aldís, Björn, Freyr, Heimir Herdís, Polly og Unnur.

Ólöf hafði boðað forföll.

Þetta var fyrsti fundur nýrrar stjórnar fyrir skólaárið 2021-22.

Stjórnina skipa

Aldís Elín Alfreðsdóttir, Björn Leifur Þórisson, Freyr Antonsson, Herdís Björk Þórðardóttir, Ólöf Ása Benediktsdóttir, Polly Rósa Brynjólfsdóttir og Unnur Ögmundsdóttir.

Heimir Haraldsson náms- og starfsráðgjafi situr fundina og er tengiliður ForMA við skólann.

1. Jón Már Héðinsson bauð nýja stjórn velkomna til starfa og sagði þeim frá skólastarfinu og hvatti ForMA til að hafa skoðanir á því.

2. Heimir sagði frá hlutverki stjórnar

3. Polly Rósa verður fulltrúi ForMA í skólanefnd

4. Farið var yfir skólabyrjun og hvernig það hefði gengið.

a. Ábending kom fram hvernig tekið er á móti nemendum sem byrja á öðru ári, spurning hvort hægt sé að forma verklag um móttökuna.

5. Rætt var um samskipti nýnema og eldri nemenda. Kynnt var samkomulag sem ForMA hefur gert við Huginn skólafélag um samskipti lögráða og ólögráða nemenda við Menntaskólann á Akureyri undanfarin ár og mun ForMA óska eftir því við Huginn skólafélag að þetta verði gert fyrir þetta skólaár.

Fundargerð ritaði Heimir Haraldsson.